

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið
2009 - 2010

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2009-2010.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2009-2010 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Davíð Smári Hlynsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Halldór Ingi Guðnason.

Varamenn í stjórn: Hannes Kristinn Sigurðsson og Sindri Valtýsson.

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 14 stjórnarfundum, 2 félagsfundum og 2 húsfundum með Skátafélaginu Faxe.

Einnig átti stjórn félagsins ánægjulegan fund með stjórn Slysavarnadeildarinnar Eykyndils, þar var meðal annars rætt um frekara samstarf milli eininganna.

Þetta starfsár er búið að vera rekstrarlega alveg ásættanlegt en félagsstarfið þarf að fara í netta skoðun með það að markmiði að skerpa á áherslum okkar gagnvart því að starfa í Björgunarsveit svo sem í formi endurmenntunar sem og framhaldsmenntunar í faginu.

Félagið tók þátt í 112 deginum þetta árið eins og undanfarin ár. Þemað í ár var fyrsta hjálp.

Félagar BV tóku þátt í með verklegum æfingum víðs vegar um bæinn sem og hópakstri viðbragðsaðila.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipsins Þórs var tryggður þetta starfsárið en búast má við að það eigi eftir að reynast þyngra á næstu misserum, þó að óumdeilanlega fær hið opinbera mikið fyrir lítið í sambandi við styrki til Björgunarsveita.



Stjórn félagsins ásamt nokkrum meðlimum sóttu Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldið var á Akureyri 14 – 17 maí 2009. Með okkur í för voru konur úr slysavarnadeildinni Eykyndli og var það mjög ánægjulegt að þær sæju sér fært að koma með okkur og vonum við að áframhald verði á.

Meðal efnis var nýtt tekjuskiptingarkerfi S.L. þar sem að menntun/endurmenntun sem og skráningar leika stórt hlutverk. Eftir því sem sveitir eru virkari eykst hlutdeild þeirra úr sameiginlegum sjóðum S.L.

Að venju voru settir af stað umræðuhópar um ýmis mál meðal annars bókhaldsmál, sjóbjörgun, unglingsmál, aðgerðarmál og ýmis önnur mál tengdu starfinu. Samhliða við landsþing voru haldnir björgunarleikar og að sjálfsögðu tók félagið þátt í leikunum. Eitt lið á okkar vegum tók þátt og var árangur þeirra með ágætum.

Stjórn félagsins sótti fulltrúaráðsfund Slysavarnafélagsins Landbjargar haldinn í Hafnarfirði 28 nóvember 2009. Fjórir stjórnarmenn sóttu fundinn og var fundurinn mjög fróðlegur í alla staði.

Hjálparsvéit Skáta Garðabæ hélt uppá 40 ára afmæli sitt á árinu. Björgunarfélag Vestmannaeyja og Björgunarsveitinni Suðurnes færðu garðbæingum gjöf í tilefni afmælisins.

Einn félagsmaður varð sextugur á árinu og var honum færð gjöf í tilefni afmælisins.

Ekki var áhugi fyrir hálandisgæslu þetta árið en búið er að óska eftir aðkomu okkar að þessu máli í sumar. Stjórn félagsins hvetur þá sem hafa áhuga að hafa samband við stjórnarmenn og skrá sig í þetta verkefni.

Nú er fyrirséð með tilkomu Landeyjahafnar að við gætum átt von á auknum verkefnum tengdum sjóbjörgun en einnig getum við í auknu mæli tekið þátt í útköllum á Norðurey.

Stjórn félagsins sér tilkomu hafnarinnar sem gott tækifæri til eflingar á starfinu samanber að auðveldara verður fyrir félagsmenn að sækja sér endurmenntun eða námskeið sem í boði eru á Norðurey.

Við fórum upp í Bakkafjöru 7. júlí 2009 og funduðum með björgunarsveitum á Suðurlandi um tilkomu Landeyjahafnar.

Stjórnin þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu.



Útköll og verkefni.

31.maí 2009.

Útkall F2 Gulur.Vélarvana Bátur miðja vega milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja

09.júní 2009.

Útkall F3 Grænn. Maður í sjálfheldu í Hánni beint á móti Prentsmiðjunni Eyrúnu umbeðið Lögreglan..

Fjallabjörgunarhópur BV fór á staðinn og aðstoðaði manninn niður.

29.júní.2009.

Útkall F1 Rauður. Kajakraðari í vandræðum við klaufina.útkall var svo afturkallað þar sem maðurinn var kominn um borð í nálæga tuðru.

2.júlí.2009

Útkall F2 Gulur. Vegna ökklabrotin kona út í stórhöfða.

31.júlí 2009.

Útkall F2 Gulur. Vélarvana skemmtibátu staðsetning N063°33,355 W020°47,417 umbeðið Lögreglan.

13.ágúst 2009

Útkall F2 Gulur. Aðstoð vegna trillu umbeðið af Björgunarsveit.

16.ágúst 2009

Útkall F1 Rauður. Aðstoð við vélarvana bát við Bakkaflogvöll umbeðið Vaktstöð siglinga. Þór fór til aðstoðar og um slöngubát reyndist vera að ræða með fimm menn innan borðs.Tuðran var skilin eftir í Bakkafjöru og silgt með mennina í land í eyjum.

9.okt. 2009.

Útkall F2 Gulur. Óveðursaðtoð umbeðið af lögreglu. Víða um bæinn voru farin að fjúka þök og annað lauslegt.



15.okt. 2009.

Útkall aðstoð við slökkvilið. Lifrasamlag Vestmannaeyja brennur. Meðal verkefna Björgunarfélagsins voru lokanir og ýmis stoðþjónusta við Slökkvilið Vestmannaeyja.

20.des. 2009.

Útkall F2 Gulur. Óveðursaðtoð umbeðið af lögreglu.

21.jan.2010.

Útkall F3 Grænn

Óveðursaðstoð umbeðið af lögreglu. Víða um bæinn voru farin að fjúka þök og annað lauslegt.

21.feb.2010.

Útkall F2 Gulur. Rautt neyðarblys séð frá Vestmannaeyjum í austurátt. Umbeðið af Lögreglu. Björgunarskipið Þór fór út til leitar og leitaði í rúma klukkustund. Eftir viðtöl við vitni fór mönnum að gruna að um gabb væri að ræða. Sá grunur reyndist á rökum reistur. Svona útköll kosta gríðalega fjármuni og er grafalvarlegt mál.

25.feb.2010.

Útkall F3 Grænn. Aðstoð vegna mikillar ófærðar. Félagið sinnti á annað hundrað verkefnum þennan daginn og voru þau að ýmsum toga. Meðal verkefna var að koma vaktavinnufólki í og úr vinnu, losa fasta bíla á víð og dreif um bæinn og ýmis önnur tilfallandi verkefni.



Almannavarnir og Svæðisstjórn

Almannavarnarnefnd hefur haldið sex fundi á starfsárinu og hafa tveir af þeim fjallað um Eldgos í Eyjafjalljökli. Þar er um að ræða viðbragðáætlanir vegna vatnsbóls okkar eyjamanna

Fjórir fundir hafa verið haldnir vegna svínaflensu (H1N1).

Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með hefðbundnum hætti. Bifreiðin varð fyrir smá tjóni núna í lok febrúar. Reiknað er með að bifreiðin fari í viðgerð nú á næstunni.

Rekstur Lunda2 (Hilux) hefur verið með hefðbundnum hætti. Búið er að lagfæra vandamálin með framfjöðrunina í bílnum. Búið er að setja Tetra talstöð í bílinn. Bifreiðin varð fyrir tjóni núna í lok febrúar. Viðgerð er lokið.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Búið er að setja Tetra talstöð í bílinn. Við urðum varir við leka útfra þakbogunum á bílnum en viðgerð er nú lokið. Gert er ráð fyrir að bíllinn fari á sprautuverkstæði núna fljótlega þar verða lagaðar ýmsar skellur á bifreiðinni.

Rekstur Lundi 4 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Aðeins hefur verið um að ræða reglubundið viðhald og enn er það að sanna sig hvað er gott að hafa einn svona snattbíl í þjónustu sveitarinnar.

Rekstur Lundi 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, menn eru síst að skilja hvernig við komumst af án lyftara í sjóbúðinni.

Göngurall.

Göngurall var ekki haldið þetta árið og er það miður.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningu á þjóðhátíð eins og undanfarin ár. Þessi vinna gekk mjög vel og sýningin heppnaðist vel. En fleiri mættu koma að þessari vinnu.



Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel. Við vorum að horfa á gríðarlega hækkun á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum mikið í hóf.

Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var nokkuð góð í söluna sem og frágangin eftir sölu.

Eins og fólk hefur orðið vitni af í umræðum um flugeldasölu og geymslur þá finnst okkur rétt að áréttta það að allt birgðahald sé unnið eftir reglugerð samanber aðskildar geymslur og sölustaði. En í mjög náinni framtíð þurfum við að bæta við lagerplássi fyrir söluna.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Adolf Þórsson starfmaður Björgunarfélagsins hefur séð um söluna. Neyðarvörusalan hefur gengið vel og við höfum aðeins verið að reyna að auka vöruúrvalið í þeirri vörulínu sem við höfum haldið okkur á.

Neyðarkall.

Salan gekk vel og viljum við þakka bæjarbúum fyrir frábærar móttökur, en engu að síður væri hægt að auka söluna til muna með auknu vinnuframlagi meðlima á öllum aldri.

Faxastígur 38.

Nú liggur fyrir að Björgunarmiðstöðin þarfnast orðið mikils viðhalds, þetta mun verða nokkuð kostnaðarsamt.

Stjórn félagsins hefur verið að skoða þessi mál frá öllum hliðum og ekki hefur verið teknar neinar ákvarðanir aðrar en að reyna einfalda skipulagið á neðri hæð hússins. Stjórnin hefur haft það að leiðarljósi í allri umræðu á húsnæðismálum hjá okkur að betri nýting sem og auknir möguleikar á tekjuöflun eru það sem við viljum fá útúr þessum breytingum. Viðræður hafa átt sér stað við meðeiganda okkar á húsinu og eru þau mál í vinnslu, en við höfum ekki rúman tíma á að koma þessu í farveg.

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár.



Heimasíða 1918.is

Mikið af efni er komið inn á síðuna. Enn á eftir að setja nokkuð af efni inná síðuna og óskum við eftir áhugasömum aðilum til að aðstoða okkur við þetta verkefni. Grundvöllur áhugaverðrar heimasíðu er að síðan sé lifandi og með fjölbreyttu efni og það okkar von að það gangi eftir..

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í skátaheimilið. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.

Bátamál.

Harðbotna báturinn hefur verið sóttur í geymsluna sem hann hefur verið í síðan að um í febrúar 2008. Búið er að fjárfesta í mótor, þar kom að góðum notum félagsmaður sem er hokinn af reynslu í netviðskiptum á vefsvæðinu Ebay. Undanfarna daga hefur verið unnið í að koma þeim hlutum á sinn stað einnig er búið er að búa til óskalista um þann búnað sem vantar í viðbót. Gert er ráð fyrir að báturinn verði vígður á sjómannaþing.

Rekstur Þórs hefur verið með þyngra móti. Það skýrist einna helst af hækkandi verði á vörum og þjónustu.

Skiptið er nú komið talsvert til ára sinna og er farið að taka til sín í viðhaldi með tilheyrandi kostnaði.

Nú er komið að þeim tímamarki að bæta þarf við einstaklingum sem hafa réttindi og þekkingu til að starfa á bátum og það verður gert með aukinni fræðslu til félagsmanna. Þetta á að vera félagsmönnum til hvatningar að leita sér aukinnar menntunar.

Búnaðarmál.

Mjög lítið hefur verið keypt af búnaði þetta starfsárið. En við búum vel að búnaðarkaupum undanfarinna ára.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði.

Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2009-2010

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir
Guðný Óskarsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2009-2010

Starfið hófst í endaðan ágúst og komu inn 4 nýir meðlimir og voru 3 frá árinu áður. Fyrst um sinn voru nýliðakvöldin haldin á þriðjudögum, en seinna voru þau færð á miðvikudagskvöld.

Mætingin hefur verið mjög góð og höfum við gert margt í vetur svo sem æfð, sjóbjörgun, leitartækni og fyrsta hjálp.

Einnig var farið á nokkur námskeið í vetur hér heima og hafa þessi námskeið yfirleitt heppnast vel. Námskeiðin sem við fórum á voru Fyrsta hjálp 1 og 2, Leitartækni, Ferðamennska og Rötun.

Nýliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir í vetur og hafa veitt hjálp í öðrum þáttum innan félagsins eins og með Unglingadeildina en þeir hafa verið mjög áhugasamir um að mæta og kenna þeim sem eru yngri og óreyndari. Ásamt því að vera í flugeldasölu og öllum undirbúningi sem því fylgir og öðrum verkefnum.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægðir með þá og hafa þeir staðið sig með þryði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Sindri Valtýsson
Tryggvi Steinn Ágústsson



Unglingadeildarstarf veturinn 2009-2010

Starfið hjá okkur hófst í byrjun september. Í ár voru einungis 9 og 10.bekkjarkrakkar í starfinu. Starfið byrjaði vel og á fyrsta fund mættu um 25 krakkar í dag standa eftir 20 krakkar og teljum við það mjög gott.

Það sem við höfum verið að gera með krakkana í vetur er t.d. skyndihjálparkynning og æfingar tengdar því, höfum farið í gönguferðir, fjöruferð, fjallgöngur, klifurvegginn, farið að síga, farið út á Þór og ýmislegt fleira.

Unglingadeildin hefur verið í samstarfi við Unglingadeildina Skúla og ætluðu þau að koma í heimsókn til okkar helgina 26-28 Febrúar, en svo illa vildi til að allt kafsnióaði hjá okkur og þau treystu sér ekki til eyja. Verið er að vinna í því að finna aðra dagsetningu á heimsóknina. Einnig er áætlað að halda Landshlutamót unglíngadeilda í eyjum 9-11 júlí næstkomandi, og er undirbúningur fyrir það í fullum gangi.

Krakkarnir hafa verið að standi sig með mikilli þryði í vetur og erum við umsjónarmennirnir mjög ánægð með þau. Vonum að þau hafi skemmt sér jafn vel og við í vetur og hlökkum til að starfa með þeim á næstu árum innan félagsins.

Sindri Valtýsson
Tryggvi Steinn Ágústsson
Lórey Rán Rafnsdóttir



Úr skipsbók Björgunarskipsins Þórs.

22.apríl 2009

Farin æfingartúr.

24.apríl2009

Farin æfingartúr.

25.apríl 2009

Æfingarferð með unglिंगadeildina.

17.maí 2009

Farin æfingartúr.

18.maí 2009

Farið í mælingaferð í Bakkafjöru.

18.maí 2009

Farið með hóp frá veðurstofunni í Surtsey, vegna uppsetningu á veðurstöð.

19.maí 2009

Farið með hóp frá veðurstofunni í Surtsey, vegna uppsetningu á veðurstöð.

21.maí 2009

Farið í mælingaferð í Bakkafjöru.

21.maí 2009

Farið og hópur frá veðurstofunni sóttur í Surtsey.

31.maí 2009

Vélavana bátur sóttur.

1.júní 2009.

Farið með unglिंगadeild í Landeyjahöfn.

3.júní 2009.

Farið með olíu um borð í vélavana bát.

29.júní 2009.

Ferð með kafara.

29.júní 2009.

Ferð með kafara í leit að kafarastiga.

1.júlí 2009.

Ferð með kafara.

2.júlí 2009.
Ferð með kafara.

2.júlí 2009.
Önnur ferð með kafara.

3.júlí 2009.
Ferð með Franska myndartökumenn.

4.júlí 2009.
Ferð með Franska myndartökumenn.

7.júlí.2009.
Æfingaferð í Bakkafjöru.

12.júlí.2009
Fólk sótt í Elliðaey.

22.júlí.2009
Æfingaferð umhverfis eyjuna.

17.ágúst.2009.
Ferð í Bakkafjöru að sækja strandaða tuðru.

13.sept.2009.
Æfingaferð í bakkafjöru.

22.okt.2009.
Farin ferð í Bakkafjöru með dómsmálaráðherra og fylgdarlið.

24.okt.2009.
Farin ferð með starfsfólk Björgunar.

31.okt.2009.
Farin ferð í Bakkafjöru með starfsfólk Íslandsbanka.

3.jan.2010.
Æfingaferð í Bakkafjöru.

4.apríl.2010
Farið í æfingaferð.

